

SKILGREININGA- OG FLOKKUNARKERFI Í BARNAVERND

BARNA- OG FJÖLSKYLDUSTOFA

2022

Efnisyfirlit

1.	<i>VANRÆKSLA GAGNVART BARNI</i>	3
1.1.	<i>LÍKAMLEG VANRÆKSLA GAGNVART BARNI</i>	3
1.1.1.	Fæði ábótavant.....	3
1.1.2.	Klæðnaði ábótavant.....	3
1.1.3.	Hreinlæti ábótavant.....	3
1.1.4.	Húsnæði ábótavant.....	4
1.1.5.	Heilbrigðisþjónustu ábótavant.....	4
1.2.	<i>VANRÆKSLA VARÐANDI UMSJÓN OG EFTIRLIT BARNIS</i>	4
1.2.1.	Eftirliti umönnunaraðila með barni er ábótavant.....	4
1.2.2.	Barn er skilið eftir eitt án þess að hafa aldur og þroska til þess.....	4
1.2.3.	Barn er skilið eftir hjá hæfum aðila en óeðlilega lengi.....	4
1.2.4.	Barn er skilið eftir hjá óhæfum aðila.....	5
1.2.5.	Barn er skilið eftir hjá óhæfum aðila sem beitir börn ofbeldi.....	5
1.2.6.	Foreldri lýsir yfir vilja til að yfirgefa barn eða yfirgefur barn til frambúðar.....	5
1.2.7.	Barn verður umsjónarlaust vegna fráfalls eða fjarveru forsjáraðila.....	5
1.2.8.	Barni er hætta búin vegna annarlegs ástands umönnunaraðila.....	5
1.2.9.	Barni er leyft eða það hvatt til að taka þátt í ólöglegu eða ósiðlegu athæfi.....	5
1.3.	<i>VANRÆKSLA VARÐANDI NÁM BARNIS</i>	5
1.3.1.	Mætingu barns í skóla er ábótavant og án inngrips forsjáraðila.....	5
1.3.2.	Barn er ekki skráð í skóla eða missir mikið úr skóla vegna ólögmeðra ástæðna.....	6
1.3.3.	Ábendingum skóla um sérfræðiaðstoð fyrir barn er ekki sinnt.....	6
1.3.4.	Barn skortir ítrekað skólagögn.....	6
1.4.	<i>TILFINNINGALEG VANRÆKSLA GAGNVART BARNI</i>	6
1.4.1.	Tilfinningalegar þarfir barns vanræktar.....	6
1.4.2.	Hugrænn þroski barns vanræktur.....	6
1.4.3.	Félagslegar þarfir barns vanræktar.....	6
1.4.4.	Barni eru ekki sett viðeigandi mörk.....	6
2.	<i>BARN BEITT OFBELDI</i>	7
2.1.	<i>BARN BEITT TILFINNINGALEGU OFBELDI</i>	7
2.1.1.	Barni sýnt viðvarandi neikvætt viðmót og neikvæðar tilfinningar.....	7
2.1.2.	Gerðar óraunhæfar kröfur til barns miðað við aldur þess og þroska.....	7
2.1.3.	Barn upplifir ofbeldi innan fjölskyldu eða milli náinna aðila.....	7
2.2.	<i>BARN BEITT LÍKAMLEGU OFBELDI</i>	7
2.2.1.	Barn beitt ofbeldi af hálfu umönnunaraðila.....	8
2.2.2.	Barn beitt ofbeldi af hálfu annarra aðila, t.d. annarra barna.....	8
2.3.	<i>BARN BEITT KYNFERÐISLEGU OFBELDI</i>	9

2.3.1. Barn beitt kynferðislegu ofbeldi af hálfu foreldra eða umönnunaraðila.....	9
2.3.2. Barn beitt kynferðislegu ofbeldi af hálfu annarra, t.d. annarra barna eða aðila ótengdum barninu	9
3. HEILSA EÐA LÍF ÓFÆDDIS BARNIS Í HÆTTU.....	10
3.1. Ofneysla barnshafandi einstaklings á áfengi, öðrum vímuefnum eða lyfjum	10
3.2. Barnshafandi einstaklingur verður fyrir ofbeldi	10
3.3. Önnur tilvik sbr. 16. gr. barnaverndarlaga.....	10
4. ÁHÆTTUHEGÐUN BARNIS.....	11
4.1. Neysla barns á vímuefnum og öðrum efnum sem hafa skaðleg áhrif á heilsu þess og velferð	11
4.2. Barn sýnir sjálf skaðandi hegðun.....	11
4.3. Barn kemur sér undan forsjá forráðamanna og/eða virðir ekki reglur um útivistartíma	11
4.4. Afbrot barns	11
4.5. Barn beitir ofbeldi	12
4.6. Námsástundun og/eða hegðun barns í skóla er ábótavant	12

1. VANRÆKSLA GAGNVART BARNI

Vanræksla gagnvart barni er skilgreind sem ítrekaður skortur á nauðsynlegri athöfn, sem leiðir til skaða eða er líklegur til að leiða til skaða á þroska barnsins.

1.1. LÍKAMLEG VANRÆKSLA GAGNVART BARNI

Foreldri eða umönnunaraðili hefur brugðist skyldu sinni til að sinna grunnþörfum barns.

1.1.1. Fæði ábótavant

Barn fær ítrekað ekki fæði við hæfi, ekki nægilegt fæði sem nauðsynlegt er miðað við þroska barnsins, fyrir heilsu þess og velferð eða of mikið af óhollu fæði.

Dæmi eru eftirfarandi:

- Barn missir oft og ítrekað úr máltíðir eða fær ekki nægilega mikinn mat, biður t.d. nágretta ítrekað um mat.
- Barn fær ítrekað ónægan eða óhollan mat miðað við aldur, þroska og líkamlegt ástand; sem getur valdið heilsufarsvanda eða hefur slæm áhrif á líkamlegt atgervi barnsins. Við könnun máls skal starfsfólk barnaverndar leita til heilbrigðisstarfsfólks til staðfestingar á umræddu ástandi.
- Barn á unglingsaldri borðar án athugasemda forsjáraðila svo óreglulega að það hefur áhrif á heilsu þess og þroska eða það fær ekki nægilega mikinn mat.
- Barn neytir óhóflega, án inngripa foreldra eða umönnunaraðila, matvæla sem eru ekki ætluð börnum, t.d. koffín í formi orkudrykkja. Hér er einkum átt við ung börn og/eða þegar magn koffínneyslu fer yfir heilsuverndarviðmið.
- Heilbrigðisstarfsfólk greinir ungbarn með vaxtarskerðingu, þ.e. það bætir hvorki við sig í þyngd né lengd og talið er að engar heilsufarslegar orsakir liggi þar að baki. Mat heilbrigðisstarfsfólks er að um vanrækslu sé að ræða. Sjá ennfremur tilfinningaleg vanræksla flokk 1.4.1.

1.1.2. Klæðnaði ábótavant

Barn er ekki klætt á fullnægjandi hátt miðað við aðstæður.

Dæmi eru eftirfarandi:

- Fatnaður barns er í ósamræmi við vöxt, t.d. of stór eða of lítil og veldur barninu óþægindum.
- Fatnaður barns er ekki nógu hlýr miðað við veður og barnið því ekki verndað gegn kulda á fullnægjandi hátt.
- Barn á unglingsaldri klæðir sig án afskipta foreldra/umönnunaraðila í ósamræmi við veðurfar eða á annan þann hátt sem þykir ekki í samræmi við aðstæður.

1.1.3. Hreinlæti ábótavant

Hreinlæti barns er ekki fullnægjandi fyrir heilsu þess og velferð.

Dæmi eru eftirfarandi:

- Barn er mjög óhreint, lyktar illa.
- Fatnaður barns er mjög óhreinn.
- Hár barns er illa hirt.
- Tennur eru ekki burstaðar og/eða hirt um þær á annan hátt.
- Barn á unglingsaldri þrífur sig ekki og foreldrar eða umönnunaraðilar láta það afskiptalaust.

1.1.4. Húsnæði ábótavant

Barni er ekki séð fyrir fullnægjandi húsnæði sem nauðsynlegt er fyrir velferð þess.

Dæmi eru eftirfarandi:

- Ekkert húsnæði er til staðar.
- Húsnæðið er óíbúðarhæft.
- Húsnæðið er óhreint, t.d. uppsafnaðar matarleifar eða óeðlilega mikil uppsöfnun á drasli.
- Húsnæðið er óöruggt fyrir barn, t.d. vegna ófrágengings rafmagns eða að það vantar öryggishlið við tröppur.
- Húsnæðið skortir nauðsynjar fyrir eðlilegt heimilishald, t.d. rafmagn eða hita.

1.1.5. Heilbrigðisþjónustu ábótavant

Foreldri eða umönnunaraðili sinnir því ekki að barn fái viðeigandi heilbrigðisþjónustu í samræmi við mat fagfólks, þ.m.t. geðheilbrigðisþjónustu eða aðra þjónustu sérfræðinga.

Dæmi eru eftirfarandi:

- Umönnunaraðili sinnir því ekki að barn fái viðeigandi tannhirðu, t.d. tannburstun eða tannviðgerðir sem leiðir til tannskemmda eða annarra vandamála í munnholi barnsins.
- Umönnunaraðili sinnir því ekki að barn fái greiningu á andlegri heilsu, t.d. greind, hegðun eða geðrænu ástandi.
- Umönnunaraðili sinnir því ekki að barn fái viðeigandi þjálfun, t.d. tal- eða sjúkráþjálfun.
- Umönnunaraðili sinnir því ekki að barn fái greiningu eða meðferð vegna rannsókna, sjúkdóma eða ástands, t.d. lyfjagjöf.

1.2. VANRÆKSLA VARÐANDI UMSJÓN OG EFTIRLIT BARNIS

Foreldri eða umönnunaraðili fylgist ekki nægilega vel með barni og því er öryggi þess og velferð í hættu. Þetta á við þegar barnið hefur ekki líkamlega, hugræna eða tilfinningalega burði til að vernda sig sjálft í aðstæðunum.

1.2.1. Eftirliti umönnunaraðila með barni er ábótavant

Ekki er fylgst nægilega vel með barni þannig að það getur farið sér að voða. Foreldri eða umönnunaraðili skynjar ekki yfirvofandi eða mögulega hættu og hefur ekki gert fullnægjandi ráðstafanir til að vernda barnið gegn skaða.

Dæmi eru eftirfarandi:

- Barn er skilið eftir eitt, t.d. á skiptiborði, í sundlaug eða heitum potti eða öðrum álíka stað þar sem barninu er hættu búin.
- Barn er ekki fest tryggilega í farartæki með viðeigandi öryggisbúnaði eftir því sem við á eftir aldri barnsins.
- Barn er skilið eftir án eftirlits, t.d. í barnavagni fyrir utan heimili eða veitingastað.

1.2.2. Barn er skilið eftir eitt án þess að hafa aldur og þroska til þess

Barn er skilið eftir án eftirlits og án þess að hafa aldur og þroska til, t.d. á heimili eða í bifreið. Þroski og aldur ræður því hvenær viðeigandi er að skilja börn eftir ein, t.d. barn á unglingsaldri sem er skilið eftir eitt heima í langan tíma án eftirlits.

1.2.3. Barn er skilið eftir hjá hæfum aðila en óeðlilega lengi

Barn er skilið eftir hjá hæfum aðila en er ekki sótt á tilsettum eða umsömdum tíma, eða að ekki er ákveðið hvenær barnið verði sótt og sá sem passar barnið telur sig hafa passað það óeðlilega

lengi. Einnig getur verið um að ræða að barn sé óeðlilega mikið í þössun hjá mismunandi aðilum.

1.2.4. Barn er skilið eftir hjá óhæfum aðila

Barn er skilið eftir hjá óhæfum umönnunaraðila. Dæmi um það er t.d. ef sá einstaklingur sem annast á barnið hefur ekki aldur og/eða þroska til að annast það, er í annarlegu ástandi vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu eða haldinn alvarlegum geðsjúkdómi sem gerir viðkomandi óhæfan til að annast barn. Hér er átt við þegar utanaðkomandi er falið að annast barn þrátt fyrir vitneskju foreldra eða umönnunaraðila um eitthvað af ofangreindu.

1.2.5. Barn er skilið eftir hjá óhæfum aðila sem beitir börn ofbeldi

Barni hefur verið komið í umönnun hjá einstaklingi sem vitað er að hefur, eða er sterklega grunaður um að hafa, beitt barn líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Viðkomandi þarf ekki að hafa verið dæmdur eða kærður fyrir brot af þessu tagi.

1.2.6. Foreldri lýsir yfir vilja til að yfirgefa barn eða yfirgefur barn til frambúðar

Foreldri segist ekki vilja eiga barn sitt eða segist vilja losna við það, rekur það t.d. út af heimilinu. Foreldri eða umönnunaraðili skilur barn sitt eftir án þess að ætla sér að sækja það, t.d. úti á víðavangi, á veitingastað eða öðrum opinberum vettvangi.

1.2.7. Barn verður umsjónarlaust vegna fráfalls eða fjarveru forsjáraðila

Barn er án umsjónar vegna fráfalls forsjáraðila, innlagnar forsjáraðila á sjúkrahús, sjálfræðissviptingar forsjáraðila, handtöku forsjáraðila eða brotthvarfs af öðrum ástæðum. Einnig getur verið um að ræða að foreldri sem fer eitt með forsjá reyni að svipta sig lífi. Hér getur einnig verið um að ræða þegar börn koma án fylgdar forráðamanna til landsins (vegalaus börn).

1.2.8. Barni er hætta búin vegna annarlegs ástands umönnunaraðila

Barn er ekki verndað og því hætta búin vegna annarlegs ástands forsjár- eða umönnunaraðila. Dæmi eru eftirfarandi:

- Barn verður vitni að annarlegu ástandi umönnunaraðila vegna áfengis- og/eða annarrar vímuefnaneyslu.
- Barni er hætta búin þar sem umönnunaraðili ekur með það undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna.

1.2.9. Barni er leyft eða það hvatt til að taka þátt í ólöglegu eða ósiðlegu athæfi

Barni er leyft eða það hvatt til þess af hálfu umönnunaraðila að taka þátt í ólöglegu eða ósiðlegu athæfi, t.d. innbrotum, þjófnaði, áfengis- og vímuefnaneyslu, vændi eða öðrum kynferðislegum athöfnum, m.a. á netinu.

1.3. VANRÆKSLA VARÐANDI NÁM BARNIS

Foreldrar eða umönnunaraðilar hvorki sinna skólagöngu eða námi barns né sjá til þess að barnið sinni því. Hér er fyrst og fremst átt við skólaskyldu barns í grunnskóla en getur einnig átt við skólagöngu í leik- eða framhaldsskóla, ef það er metið mikilvægt fyrir velferð barnsins.

1.3.1. Mætingu barns í skóla er ábótavant og án inngríps forsjáraðila

Barn mætir illa í skóla og foreldrar eða umönnunaraðilar láta það afskiptalaust.

1.3.2. Barn er ekki skráð í skóla eða missir mikið úr skóla vegna ólögðra ástæðna

Barn er ekki skráð í skóla eða missir mikið úr skóla vegna ólögðra ástæðna, t.d. vegna þess að það er að passa yngri systkini eða vegna þess að umönnunaraðili vaknar ekki til að koma barninu á réttum tíma í skólann.

1.3.3. Ábendingum skóla um sérfræðiaðstoð fyrir barn er ekki sinnt

Umönnunaraðili sinnir ekki ábendingum skóla sem vísar barni í greiningu vegna gruns um námsörðugleika eða í sértæka þjónustu vegna námsörðugleika, svo sem í lesgreiningu eða stærðfræðigreiningu.

1.3.4. Barn skortir ítrekað skólagögn

Barn skortir ítrekað nauðsynlega hluti til skólstarfs, t.d. bækur, íþróttaföt eða sundföt.

1.4. TILFINNINGALEG VANRÆKSLA GAGNVART BARNI

Foreldrar eða umönnunaraðilar sinna ekki tilfinningalegum þörfum barns, hugrænni og félagslegri örvun eða setja barninu ekki mörk.

1.4.1. Tilfinningalegar þarfir barns vanræktar

Foreldri eða umönnunaraðili bregst seint og/eða illa við tilfinningalegum þörfum barns síns þegar það þarfnast umönnunar eða stuðnings, t.d. þegar ungbarn grætur eða þegar barnið þarfnast stuðnings og umönnunar vegna utanaðkomandi áfalls. Greinilegur skortur er á eðlilegri tengslamyndun foreldris og barns. Tilfinningaleg vanræksla getur verið orsök vaxtarskerðingar hjá ungbarni og er þá greint af heilbrigðisstarfsfólki. Í þeim tilvikum bætir barn hvorki við sig í þyngd né lengd og engar heilsufarslegar orsakir finnast. Sjá enn fremur undir líkamleg vanræksla flokk 1.1.1.

1.4.2. Hugrænn þroski barns vanræktur

Foreldri eða umönnunaraðili örvar ekki hugrænan þroska barns. Tækifæri til að kenna barni og örva hugrænan þroska þess eru sniðgengin, umönnunaraðili lætur jafnvel eins og hann heyrir hvorki í barninu né sjái það. Sjálfstæði barns fær litla örvun og barnið því svo ofverndað að það hefur áhrif á þroska þess.

1.4.3. Félagslegar þarfir barns vanræktar

Foreldri eða umönnunaraðili örvar ekki félagslegan þroska barns heldur stuðlar að félagslegri einangrun þess eða fjölskyldunnar, t.d. truflar ítrekað tilraunir barnsins til að vingast við jafnaldra.

1.4.4. Barni eru ekki sett viðeigandi mörk

Foreldri eða umönnunaraðili setur barni ekki viðeigandi mörk eða notar ekki viðeigandi reglur og aga þegar við á. Þetta hefur leitt til hegðunarvanda barnsins, erfiðleika í skóla og félagslegra erfiðleika. Dæmi um þetta er m.a. óviðeigandi og óheftur aðgangur barns að fjármunum eða að barnið sé sjaldan eða aldrei látið taka afleiðingum gerða sinna.

2. BARN BEITT OFBELDI

Ofbeldi gagnvart barni er skilgreint sem athöfn af hálfu foreldris, umönnunaraðila eða annars aðila, sem leiðir til eða er líklegt til að leiða til skaða á þroska barnsins.

2.1. BARN BEITT TILFINNINGALEGU OFBELDI

Foreldri eða umönnunaraðili gerir lítið úr barni, gerir óraunhæfar kröfur til barns, fær barn til að sinna sínum þörfum eða að barn verður vitni að ofbeldi milli aðila sem eru nánir barninu.

2.1.1. Barni sýnt viðvarandi neikvætt viðmót og neikvæðar tilfinningar

Foreldri eða umönnunaraðili kemur illa fram við barn eða beitir slíku viðmóti í refsingarskyni.

Dæmi eru eftirfarandi:

- Setur út á eiginleika barnsins, svo sem útlit þess eða skapgerð.
- Setur út á það sem barnið gerir, t.d. heimalærdóm og heimilisstörf.
- Notar neikvætt hlaðin orð eða uppnefnir barnið.
- Notar tilfinningalegt ofbeldi á netinu eða á annan rafrænan hátt (án beinna samskipta).
- Neitar barni um mat, svefn eða aðrar nauðsynjar í refsingarskyni.

2.1.2. Gerðar óraunhæfar kröfur til barns miðað við aldur þess og þroska

Foreldri eða umönnunaraðili gerir óraunhæfar kröfur til barns miðað við aldur þess og þroska og/eða setur barnið í aðstæður sem það ræður ekki við.

Dæmi eru eftirfarandi:

- Vill að barnið klæði sig sjálfst áður en það getur það hjálparlaust.
- Notar barnið til að fullnægja tilfinningalegum eða líkamlegum þörfum sínum.
- Setur barnið í aðstæður innan fjölskyldunnar sem hæfa ekki börnum: t.d. stuðnings- og umönnunarhlutverk gagnvart foreldri eða styðja foreldri sem glímir við erfiðleika; að fylgjast með fjármálum heimilisins; látið taka afstöðu í deilum foreldra eða sjá um megnið af heimilisstörfum.
- Virðir ekki barnið sem sjálfstæðan einstakling, heldur fremur sem framlengingu á hinum fullorðna eða notar barnið sér til framdráttar.
- Tekur ekki tillit til þarfa barnsins sem sjálfstæðs einstaklings, heldur gerir ráð fyrir að barnið sé með sömu þarfir og langanir og hinn fullorðni.

2.1.3. Barn upplifir ofbeldi innan fjölskyldu eða milli náninna aðila

Barn upplifir beitingu ofbeldis meðal þeirra sem eru því nákomnir: t.d. milli foreldra, foreldra gagnvart systkini, milli systkina barnsins eða barn gagnvart foreldri. Ofbeldið getur einnig beinst gegn dýrum, t.d. þegar barn verður vitni að dýraníði eða þegar hótad er að skaða gæludýr.

2.2. BARN BEITT LÍKAMLEGU OFBELDI

Líkamlegt ofbeldi á sér stað þegar barn er meitt viljandi á einhvern hátt eða þegar ofbeldi er beitt á óbeinan hátt. Sá sem beitir ofbeldi getur verið foreldri eða annar umönnunaraðili barnsins eða aðrir aðilar ótengdir barninu, m.a. annað barn. Markmiðið með ofbeldinu þarf ekki endilega að vera að meiða barnið líkamlega, það getur verið framið í reiðikasti eða í refsingarskyni eða með það að markmiði að hræða barnið.

2.2.1. Barn beitt ofbeldi af hálfu umönnunaraðila

Hér er átt við líkamlegt ofbeldi sem á sér stað þegar umönnunaraðili meiðir barn viljandi, þ.e. ekki óviljaverk eins og t.d. þegar rekist er utan í barnið og það dettur og meiðir sig. Það er mikilvægt við könnun máls af þessu tagi að athuga vel samræmi frásagnar barnsins og t.d. foreldris um hvernig meiðslin atvikuðust.

Líkamlegt ofbeldi getur m.a. falið í sér:

- Barn beitt líkamlegum refsingum t.d. rassskellt.
- Barn bundið niður og/eða hreyfingar þess heftar á óeðlilegan hátt.
- Barn er lamið, slegið, kýlt eða sparkað í það; brennt með eldi eða heitum vökva; barnið klipið, bitið, þrengt að öndunarvegi, hárreytt; því ýtt eða hent til jarðar; hlutum hent í barnið; barnið hrist eða skaðað á annan hátt.
- Barni er viljandi gefið hættuleg efni, t.d. óviðeigandi lyf (gegn eða án tilmæla læknis), vímuvaldandi efni, skemmd matvæli o.fl.
- Framkvæmdar eru ónauðsynlegar, sársaukafullar eða óafturkræfar aðgerðir á barni.
- Foreldri, eða annar aðili, reynir að fá lyf eða lækniáðgerðir fyrir barnið, án raunverulegra veikinda eða vegna veikinda sem eru tilkomin vegna einhvers sem hinn fullorðni hefur gert. Hér getur verið um að ræða svokallað Münchhausen staðgengilsheilkeni (e. Münchhausen syndrome by proxy). Við könnun máls af þessu tagi er mikilvægt að fá mat sérfræðinga.

2.2.2. Barn beitt ofbeldi af hálfu annarra aðila, t.d. annarra barna

Til viðbótar við upptalningu í flokki 2.2.1. hér að ofan er hér um að ræða hópslagsmál eða árásir þar sem eitt eða fleiri börn ráðast gegn barninu og beita það ofbeldi; ofbeldi í nánnum samböndum (t.d. milli unglunga í parsambandi); líkamlegt ofbeldi sem utanaðkomandi aðili beitir barn, t.d. í reiðikasti eða í refsingarskyni o.fl.

Dæmi um sýnilega áverka sem barn getur hlotið vegna ofbeldis eru t.d.:

- Hrufl/skráma, marblettir, blaðra vegna bruna.
- Augnáverkar, t.d. aðskilin sjónhimna.
- Roði, sár, upphleypt svæði eða rák á húð, t.d. eftir barsmíð eða belti.
- Ör eftir áverka.

Dæmi um áverka sem geta mögulega ekki verið sýnilegir en sem fagaðili í heilbrigðiskerfi hefur greint hjá barni er t.d.:

- Tognun.
- Heilaskemmdir.
- Skemmdir á líffærum vegna vísvitandi eitrunar.
- Augnáverkar.
- Vísbendingar um tilraun til kæfingar.
- Sprunga í beini eða beinbrot.
- Innri kviðarhols- eða brjóstholsholsmeiðsli
- Skaði á miðtaugakerfi.
- Rifin hljóðhimna.
- Einkennamynstur barns sem hefur verið hrist eða skellt utan í eitthvað (e. abusive head trauma).
- Viðvarandi blæðing eða blóðkúla.

2.3. BARN BEITT KYNFERÐISLEGU OFBELDI

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (e. WHO) er kynferðisofbeldi gagnvart barni skilgreint þegar barn undir kynferðislegum lögdri getur ekki gefið upplýst samþykki fyrir kynferðislegum athöfnum sökum ungs aldurs og þroska. Það sama á við þegar athæfið fellur undir brot á hegningarlögum viðkomandi ríkis. Börn geta verið beitt kynferðisofbeldi af hendi fullorðinna en einnig af öðrum börnum sem eru sökum aldurs, þroska, trausts eða ábyrgðar í yfirburðarstöðu gagnvart barninu. Unglingar geta orðið fyrir kynferðisofbeldi af hendi fullorðinna en einnig jafnaldra, t.d. í para- eða vinasamböndum. Ofbeldið getur einnig verið stafrænt, t.d. í formi myndasendinga, dreifingu mynda, óviðeigandi skilaboða eða annarrar áreitni.

Hér er ofbeldið flokkað eftir því hvort barnið verður fyrir því á eigin heimili af hálfu nákominna aðila eða hvort ofbeldið er af hálfu utanaðkomandi aðila.

2.3.1. Barn beitt kynferðislegu ofbeldi af hálfu foreldra eða umönnunaraðila

2.3.2. Barn beitt kynferðislegu ofbeldi af hálfu annarra, t.d. annarra barna eða aðila ótengdum barninu

Dæmi um kynferðislegt ofbeldi sem á við um bæði flokka 2.3.1. og 2.3.2. eru:

- Kynferðislegur talsmáti.
- Þukl á líkama utan klæða (ekki kynfæri).
- Kynferðislegar ljósmyndir eða myndbönd, sýnd eða tekin.
- Kossar á andlit eða tilraunir til þeirra (ekki munn).
- Kossar á munn eða tilraunir til þeirra.
- Sýnihneigð (gerandi fækkar klæðum).
- Fróun að barni ásjáandi.
- Gægjuhneigð (klæðum fækkað á barni).
- Þukl og snerting á líkama barns innan klæða (ekki kynfærum).
- Þukl á kynfærum barns utan klæða.
- Barn látið snerta kynfæri geranda utan klæða.
- Myndefni af barni fer í dreifingu.
- Grófari snerting eða strokur.
- Þukl á kynfærum barns innan klæða.
- Barn látið snerta kynfæri geranda innan klæða.
- Barni fróað.
- Barn látið fróa geranda.
- Barn þvingað til að taka upp og/eða senda myndefni af kynferðislegum toga.
- Tilraun til innþrengingar í munn, leggöng eða endaparm með fingri, hlutum eða getnaðarlim.
- Innþrenging framkvæmd í leggöng eða endaparm með fingri eða hlutum.
- Munnmök við barn.
- Barn látið hafa munnmök við geranda.
- Fullt samræði við barn (innþrenging framkvæmd), í leggöng og/eða endaparm.

3. HEILSA EÐA LÍF ÓFÆDDIS BARNIS Í HÆTTU

Ófætt barn í hættu vegna athæfis verðandi foreldris eða einhvers í nærumhverfi foreldris.

3.1. Ofneysla barnshafandi einstaklings á áfengi, öðrum vímuefnum eða lyfjum

Grunur um að barnshafandi einstaklingur hafi neytt áfengis í óhófi, annarra vímuefna eða lyfja sem eru líkleg til að valda barninu skaða. Hér er verið að ræða um öll lögleg og ólögleg vímuefni, einnig lyfseðilsskyld lyf sem eru tekin án fyrirmæla læknis og önnur efni sem eru líkleg til að valda fóstroinu skaða.

3.2. Barnshafandi einstaklingur verður fyrir ofbeldi

Ófæddu barni er hætta búin vegna ofbeldis sem barnshafandi einstaklingur verður fyrir á meðgöngu í nánu sambandi, af hálfu maka eða annarra nákominna.

3.3. Önnur tilvik sbr. 16. gr. barnaverndarlaga

Önnur tilvik þar sem heilsa og líf ófædds barns getur verið í hættu.

Dæmi eru eftirfarandi:

- Heilsa og líf ófædds barns getur verið í hættu vegna þess að verðandi foreldri sinnir ekki eftirliti á meðgöngu eða vegna þess að viðkomandi sinnir því ekki að næra sig. Við könnun á máli af þessu tagi þarf að leita eftir staðfestingu á næringarskort frá lækni.
- Færni verðandi foreldra er ábótavant sökum t.d. geðrænna veikinda, vímuefnaneyslu, þroskaskerðingar, ungs aldurs eða annarra þátta sem gera það að verkum að verðandi foreldrar þurfa stuðning strax á meðgöngu.
- Barnshafandi einstaklingur sinnir ekki nauðsynlegu eftirliti á meðgöngu eða eftirfylgd vegna t.d. sykursýki, meðgöngueitrunar eða annarra fylgikvilla meðgöngu.
- Aðstæðum barnshafandi einstaklings er ábótavant (t.d. óíbúðarhæft húsnæði eða heimilisleysi).

4. ÁHÆTTUHEGÐUN BARNIS

Áhættuhegðun barns er skilgreind sem hegðun sem brýtur gegn þeim viðmiðum og reglum sem gilda í umhverfi barnsins og er líkleg til að valda barninu sjálfu eða öðrum skaða.

4.1. Neysla barns á vímuefnum og öðrum efnum sem hafa skaðleg áhrif á heilsu þess og velferð

Barn neytir áfengis eða annarra efna sem eru líkleg til að valda því skaða. Hér er einkum átt við ungmenni, ef um yngri börn er að ræða væri að jafnaði rétt að flokka slíka neyslu undir vanrækslu foreldra eða umönnunaraðila, þar sem yngri börn ættu ekki að hafa aðgengi að slíkum efnum.

Hér er um að ræða öll lögleg og ólögleg vímuefni, einnig lyfseðilsskyld lyf sem eru tekin án fyrirsmála læknis og önnur efni sem eru líkleg til að valda barninu skaða.

Barn neytir annarra efna sem geta haft áhrif á heilsu og velferð þess án þess að vera vímuvaldandi.

Dæmi eru eftirfarandi:

- Ofneysla barna á koffíndrykkjum sem geta haft slæm heilsufarsleg áhrif. Hér er einkum átt við ung börn eða þegar magn koffínneyslu fer yfir heilsuverndarviðmið.

- Notkun barns á vörum sem innihalda nikótín. Hér getur verið um að ræða ýmsar tegundir tóbaks ætlaðar til reykinga, munntóbak, rafrettur (veipa), neftóbak eða neysla á öðrum vörum sem innihalda nikótín.

- Inntaka lyfja, lyfseðilsskyldra eða í lausasölu, sem eru ekki til þess fallin að framkalla vímu en barnið tekur inn viljandi.

4.2. Barn sýnir sjálfskaðandi hegðun

Barn hefur viljandi skaðað sig, t.d. skorið, stungið, brennt eða rispað sig viljandi (ekki er átt við sjálfskaða sem er afleiðing af óhappi).

Barn hefur gefið í skyn að það hugleiði sjálfsvíg eða hefur reynt sjálfsvíg.

Barn er með alvarlega átröskun eða á við aðra geðræna erfiðleika að stríða og inngríp forsjáradila og heilbrigðiskerfis skila ekki árangri.

4.3. Barn kemur sér undan forsjá forráðamanna og/eða virðir ekki reglur um útivistartíma

Barn strýkur eða er á vergangi, þ.e. skilar sér ekki heim eða á þann stað sem það á að vera. Barn virðir ekki reglur um útivistartíma, þrátt fyrir viðleitni forsjáradila.

4.4. Afbrot barns

Grunur um að barn sé viðriðið ólöglegt athæfi eða afbrot, s.s. innbrot, skemmdarverk, þjófnað, umferðarlagabrot eða annað athæfi sem leiðir til afskipta lögreglu af barninu.

4.5. Barn beitir ofbeldi

Barn beitir annan einstakling, barn eða fullorðinn, tilfinningalegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Sjá skilgreiningar og dæmi undir kafla 2. Barn beitt ofbeldi. Ofbeldið getur einnig beinst gegn dýrum, t.d. þegar barn pyntar eða meiðir dýr viljandi (dýraníð).

4.6. Námsástundun og/eða hegðun barns í skóla er ábótavant

Barn mætir illa í skóla, sinnir illa heimalærdómi eða mætir ekki með hluti sem nauðsynlegir eru til skólafarfa; þrátt fyrir að forsjáraðili reyni eftir bestu getu að stuðla að því að barnið sinni námi sínu á eðlilegan hátt.

Alvarlegur hegðunarvandi barns í skóla: barn brýtur ítrekað skólareglur, fer ekki eftir fyrirmælum og ekki hefur fundist lausn á vandanum í samstarfi skóla, barns og foreldra.

Niðurstaða könnunar máls eftir að tilkynning hefur borist

Mikilvægt er að könnun sé unnin eins vel og unnt er til þess að niðurstaðan verði sem skýrust, hvort um er að ræða misfellur eða áhættuhegðun barns eða ekki, og hvort þá hvers konar aðgerða er þörf í viðkomandi máli. Taka skal saman greinargerð um framkvæmd könnunarinnar og niðurstöður þar sem m.a. kemur fram hvaða úrbætur eru nauðsynlegar og settar fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta sbr. 21. gr. Reglugerðar nr. 57/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd. Í þeim tilvikum sem þörf er á sérstökum úrræðum skal unnið að því að gera áætlun í samvinnu við foreldra og/eða barn. Í þeim tilvikum sem samvinna næst ekki skal gera einhliða áætlun.

1. **Staðfest. Ekki þörf á frekari aðgerðum.** Könnun leiðir í ljós að um misfellur í aðbúnaði barns, eða áhættuhegðun, hefur verið að ræða, en ekki er þörf á frekari aðgerðum í málinu.
2. **Staðfest. Þörf á áætlun ásamt stuðningsúrræðum.** Könnun leiðir í ljós að um er að ræða misfellur í aðbúnaði barns eða áhættuhegðun og þörf er á stuðningsúrræðum með viðeigandi áætlun í máli barns, þar sem samvinna er við forsjáraðila.
3. **Staðfest. Þörf á áætlun ásamt einhliða áætlun um þvingunarúrræði.** Könnun leiðir í ljós að um er að ræða misfellur í aðbúnaði barns eða áhættuhegðun og þörf er á úrræðum með viðeigandi áætlun í málinu, þar sem ekki hefur náðst samvinna við foreldra og/eða barn sem náð hefur 15 ára aldri.
4. **Ekki staðfest, vafi. Máli lokað.** Um misfellur í aðbúnaði barns eða áhættuhegðun gæti verið að ræða, en könnun leiðir hvorki í ljós að svo sé með óyggjandi hætti, né að svo sé ekki. Ekki taldar forsendur fyrir áætlun ásamt stuðningsúrræðum og máli er lokað.
5. **Ekki staðfest. Máli lokað.** Könnun leiðir í ljós að ekki er um misfellur í aðbúnaði barns eða áhættuhegðun barns að ræða. Máli er lokað.